

MENNING

Myndlist | Þrjár ljósmyndasýningar opnaðar í listamiðstöðinni Hafnarborg

Konur, skart og minni

ÞRÍJAR ljósmyndasýningar verða opnaðar í Hafnarborg í dag. Allar eiga það sammerkt að ljósmyndararnir eru konur, auk þess sem viðfangsefni einnar sýningarinnar eru skartgripir hannaðir af konum og innblásnir af þjóðþekktum konum í Danmörku.

Katrín Elvarsdóttir sýnir ljósmyndaröðina *Minni*, sem er túlkun hennar á því hvernig takmarkanir minnis geta litað minningar. Við gerð myndanna studdist Katrín við sálfræðikenningar um meðfædd höft minnis, sem geta mótað það hvernig upplifanir eru geymdar. Verkin verða þannig eins konar skráning á því hvernig minningar okkar allra mótast af sömu reglum.

Katrín sagði í samtali við Morgunblaðið að myndefnið væri af hversdagslegum hlutum sem allir gætu kannast við og átt minningar um.

„Ég hugsa mér þetta sem röð af rómum og myndirnar eru af sama hlutum frá mismunandi sjónarhornum.“

Í sýningarskrá segir menningarfræðingurinn Sigrún Sigurðardóttir um verk Katrínar: „Ljósmyndir Katrínar Elvarsdóttur tala til þess sem liggur í felum. Samt fela þær ekki í sér frásögn. Þær fela aðeins í sér upplifun augnablik. Augnablik sem finna sér ekki stað í endurminningunum. Augnablik sem standa utan við tungumálið en vakna af vör-



Skartgripur hannaður af Mette Saabye fyrir myndlistarkonuna og rithöfundinn Sophiu Kalkau.

um blundi fyrir einstæða tilviljun og heltaka áhorfandann stundarkorn.“

Katrín útskrifaðist með BFA gráðu frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur síðan tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar í Bandaríkjunum, Danmörku og á Íslandi.

Nútímakonur

Sýningin *Kvinder i tiden*, eða *Nútímakonur*, er tvíþætt. Annars vegar eru sýnd ljósmyndaportrett af átján konum sem allar eru þjóðkonur í Danmörku, og hins vegar skartgripir eftir fimm danska skartgripahönnuðum sem innblásnir eru af konum.

Hugmyndasmiðurinn á bak við sýninguna er gullsmiðurinn Lisbeth



Katrín Elvarsdóttir við eina af myndum sínum í Hafnarborg.

Nordskov, en auk hennar hafa skartgripahönnuðirnir Katrine Borup, Gitte Helle, Jeanette Lopez-Zepeda og Mette Saabye hannað skartgripir fyrir þrjár til fjórar konur hver. Ætlunin er að skartgripirnir endurspeglí persónuleika hverrar konu fyrir sig, styrk hennar og sérkenni, innri og ytri fegurð.

Ljósmyndarinn Linda Hansen myndaði konurnar, sem eiga það sameiginlegt að vera þjóðþekktar í Danmörku fyrir störf sín á vettvangi stjórnmála, leiklistar, bókmennta, fjölmiðla, tónlistar eða myndlistar. Þeirra á meðal eru leikkonan Iben Hjejle, stjórnmálamaðurinn Marianne Jelved, biskupinn Lise-Lotte Rebel og kvikmyndaframleiðandinn Vibeke Windeløv.

Mads Kjædegaard arkitekt setur upp sýninguna.

Íslenskar sundlaugar og óljós mörk

Danska listakonan Astrid Kruse Jensen, sem leggur stund á ljósmyndun og vídeólist, dvaldi í gesta-

vinnustofu Hafnarborgar sl. vetur og hafa verk úr þremur myndröðum eftir hana verið sett upp í kaffistofu Hafnarborgar.

Í myndröðinni *Hypernatural* eru átta myndir af íslenskum sundlaugum úti í náttúrunni, þar sem listakonan dregur fram þögnina og fjarveruna í umhverfinu. Myndröðin *Imaginary realities* samanstendur af ljósmyndum sem eru á mörkum veruleikans. Þar er birtan notuð til að breyta þekktu og hversdagslegu rými í annað mikilfenglegra og dulúðgra. Einnig verða sýndar nokkrar myndir úr myndröðinni *Hidden places*, sem allar eru frá Hafnarfirði og teknar í ljósaskiptunum, þar sem erfitt er að greina á milli veruleika og ímyndunar.

Astrid nam við Listaakademíuna í Amsterdam og Listaskólann í Glasgow. Verk hennar hafa verið sýnd víða í Evrópu.

Sýningarnar þrjár í Hafnarborg standa til 20. september og eru opnar alla daga nema þriðjudega frá kl. 11 til 17.

Seierstad skrifar leikrit

NORSKI blaðamaðurinn og rithöfundurinn Ásne Seierstad ætla að reyna fyrir sér sem leikskáld, því hún vinnur um þessar mundir að nýju leikriti, í samvinnu við leikkonuna og leikskáldið Rebekka Karijord, og mun Dramaten í Stokkhólmi ætla að sviðsetja verkið. Samkvæmt heimildum *Verdens Gang* er vinnutill leikrísins *Dóttir bóksalans*, en í verkinu er fjallað sérstaklega um eina af aðalpersónunum í bók Seierstads, *Bóksalinn í Kabúl*, en bókinn vakti heimsathygli þegar hún kom út á sínum tíma. Í bókinni segir frá fjölskyldu sem Seierstad bjó hjá um tíma í Kabúl skömmu eftir að Bandaríkjamenn flæmdu talibána frá völdum.



Ásne Seierstad

Sumartónleikar

sunnudaginn 29.08. kl. 20.30
Grúppa Atlantico ásamt Sigurlaugu Eðvaldsdóttur fióluleikara og Guðrínu Þórarinsdóttur lágfíóluleikara. Tónverk eftir Robert Schumann

þriðjudaginn 31.08. kl. 20.30
Grúppa Atlantico ásamt Signýju Sæmundsdóttur sópran. Verk eftir Haydn, Brahms, Zaretsky og Hjalmar H. Ragnarsson.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugavegastanga 70, 105 Rvík.
www.iso.is - iso@iso.is

Hið tímalausa augnablik

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið

MYNDBANDSINNSETNING – FINNUR ARNAR ARNARSSON

Opið alla daga 10–17. Sýningu lýkur 3. október.

TÍMINN er eitt meginviðfangsefni Finns Arnars Arnarssonar á sýningu hans í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu. Ritar Ólafur Gíslason listfræðingur vandaðan inngang í sýningarskrá þar sem hann rekur hugleiðingar Jorge Luis Borges um tímann út frá draumförum Chuang Tzu og svo niðurstöður Arthurs Schopenhauers að augnabliki sé eina form alls lífs, að enginn upplifi fortíð eða framtíð. Vissulega merkileg uppgötun sem Schopenhauer gerði á 19. öldinni, sem menn eins og Chuang Tzu/Lao Tzu og Gautama Buddha höfðu reyndar kennt 24 öldum áður. Þeir notuðu þó ekki rökfræði til að sannfæra huga manna um hið tímalausa augnablik heldur lögðu áherslu á upplifunina sjálfa. Því hefur það reynst vestrænum rökfræðingum erfitt að nota vísidóm þeirra nema í dæmisögum. Gautama Buddha kallaði slíka upplifun „Dhyana“ sem þýðist frá forn-sanskrit sem „meðvitund án hugsana“. Það á samt ekki við að hugsun sé ekki með í myndinni. Hugsunin er einfaldlega án fortíðar eða framtíðar, tóm. Hefur enska orðtakið „time stood still“ (tíminn stóð í stað) líka verið notað sem bókstafleg lýsing á upplifuninni.

Flest þekktum við þessa upplifun að einhverju leyti. Höfum kannski komist í tæri við hana þegar við stöndum frammi fyrir mikilfenglegri náttúruferð eða jafnvel stórbrotnu listaverki. Það er því ekki að ástæðulausu að fagurfræði sé ein helsta undirstaða listsköpunar. Listin snýst jú um að skapa vettvang fyrir upplifun og treystir Finnur Arnar augljóslega á þann þátt myndlistar umfram allt annað.

Sex myndbandsupptökur af kyrrsettum hvítum stól sem eru sýndar



Morgunblaðið/PÖK

Myndbandsverk Finns Arnars Arnarssonar í Hafnarhúsinu.

frammi við innganginn í sýningar-salinn, kunna að vekja upp vangaveitur um fortíð og framtíð. Einhvern tímann hefur verið settið í stólum og síðar mun einhver sitja þar. En þetta augnablik situr enginn í stólum. Hann er tómur. Formræn mynd á vegg. Inni í sýningarsalnum býðst sýningargestum svo að sitja á sams konar stólum og horfa á tvískiptar myndbandsupptökur af sjávarþorpum og landslagi teknar í misjöfnum tíma, tuttugu mínútna upptökur klipptar niður í tvær 10 mínútur. Tvö tímaskeið sýnd saman.

Það sem er sláandi við þessi myndskreið Finns Arnars er að þar gerist sama og ekkert. Allavega ekki í upptökunum sjálfum. Það kann hins vegar margt að gerast hjá áhorfandnum. Sumum finnst þetta eflaust hundleiðinlegt og fara bara út vegna þess að hraðann og áreitnið vantar sem við höfum vanist í bíó og í sjónvarpi. En málið snýst ekki um það. Hér er heimikið áreitni í gangi, en það kemur ekki utan frá heldur innan frá. Það er nefnilega fátt ef þá nokkuð jafn áreitnið og aðgerðarleysi þegar maður á annað borð horfist í augu við það. En oftast fordast maður aðgerðarleysi, að minnsta kosti með því að hugsa um fortíð eða framtíð.

Finnur Arnar hefur blómstrað í myndlistinni þetta árið. Verið á starfslaunum, sýnt og starfað markvisst og ánægjulegt að sjá hann ljúka launatímanum með þetta stórrí sýningu. Ég verð þó að játa að mér finnst honum hafa tekist mun betur upp á

sýningunum í Nýlistasafninu og í Safni þar sem myndefnið var ekki þetta viðtekið og verkin komu svo óþægilega nálægt manni að það hefði verið rangt að fara frá þeim án þess að leyfa sér að upplifa þau. Svo er ekki raunin með landslagsmyndirnar í Hafnarhúsinu. Þær eru fjarrænar myndir á vegg. Snerta mann ekki þetta ákaflega og vísa jafnvel í klij-sjuna um íslenska landslagsmálverk. Ég get hins vegar ekki annað en dáðst að framkvæmdinni sjálfri. Tel það hugrekki á tímum þegar ímynd og ytra áreitni eru í hávegum höfð að leggja fram andhverfuna. Að snúast gegn gildum Rómar þegar svo freistandi er að velta sér upp úr þeim.

Jón B.K. Ransu

Afsökun

Undirritaður gerði þau mistök í vinnubrögðum að vitna í pistlinum Af listum í Morgunblaðinu hinn 26. ágúst í grein sem birtist í blaðinu þann sama dag. Það er ófrávikjanleg vinnuregla að leyfa viðmælendum blaðsins að njóta ummæla sinna í blaðinu áður en þau eru gagnrýnd eða vitnað til þeirra á einhvern hátt.

Undirritaður biðst afsökunar á því að þessi mistök áttu sér stað.

Hávar Sigurjónsson.

DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR
HALLGRÍMSKIRKJU

auglýsir eftir góðum söngröddum

• Undirbúningsdeild 6-8 ára • Aðalkór 9-12 ára

Æfingar á mánudögum frá kl. 16.00-17.00

Æfingar á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17.00-19.00

Nánari upplýsingar og skráning í síma 896 4914

www.drengjaker.is

Costa del Sol

3 vikur með hálfu fæði

frá kr. **69.990**

29. sept. - 3 vikur

Las Palomas ***

Fallegt hótél í hjarta Torremolinos, rétt fyrir ofan ströndina, með góðri þjónustu, garði, sundlaug, veitingastaðum og örstutt að ganga í allar áttir. Frábær kostur á hreint ótrúlegu verði. Hálf fæði innifalið allan tímann.

Verð kr. **69.990**

M.v. 2 í herbergi með hálfu fæði, 3 vikur með sköttum.

Principito Sol

Vinsælustu íbúðir Heimsferða á Costa del Sol með frábærri aðstöðu. Mikil þjónusta er í hótelinu, veitingastaðir, skemmtun, heilsudagskrá, verlanir og móttaka.

Verð kr. **65.990**

M.v. 2 í íbúði, 3 vikur með sköttum.

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin á ótrúlegu tilboði til Costa del Sol þann 29. september. Tryggðu þér ferð á vinsælasta staðinn í sólinni og njóttu dvalarinnar í einu besta loftslagi í heimi á hreint ótrúlegum kjörum. Þú getur valið um 2 frábæra valkosti, okkar vinsælustu íbúðir, Principito Sol, eða gott 3ja stjörnu hótél með hálfu fæði allan tímann.



Munið Mastercard ferðaávisunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18, sími 595 1000.
www.heimsferdir.is